

Starfsreglur fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

1. Skipun og hlutverk

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar er kjörið á ársþingi/haustþingi SSNV til tveggja ára í senn í samræmi við gr. 2.5 og 4.2 í samþykktum SSNV.

Hlutverk fagráðsins er eftirfarandi:

1. Fagráðið leggur faglegt mat á þær umsóknir sem úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra vísar til þess.
2. Fagráðið gerir tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndarinnar, sbr. 1. gr. starfsreglna nefndarinnar.
3. Fagráðið skal gæta þess að úthlutanir séu innan þess fjárhagsramma sem stjórn SSNV hefur samþykkt.
4. Fagráðið getur gert tillögur til breytinga á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðsins til úthlutunarnefndar sjóðsins.

Starfsmenn landshlutasamtaka eða skyldra aðila geta ekki setið í fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Fagráðið nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu, sbr. úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.

2. Stjórnskipan

Ársþing/haustþing SSNV kýs formann og fjóra fulltrúa til setu í fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar.

3. Endurskipun

Fulltrúar í fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar hafa ekki varamenn og skal stjórn SSNV skipa nýjan aðalmann forfallist fulltrúi eða geti ekki sinnt starfi sínu.

4. Fundir

Formaður boðar fundi fagráðsins. Fundir fagráðsins eru lögmætir ef meirihluti þess, að formanni meðtöldum, sækir fund. Einfaldur meirihluti fulltrúa í fagráði ræður niðurstöðu mála.

Fundargerð fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar skal vera rafræn. Fundargerð skal send úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðsins til kynningar.

5. Trúnaður

Fulltrúar í fagráði eru bundnir þagmælsku og trúnaði um umsóknir og verkefni og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt hætt sé þátttöku í fagráðinu.

6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.

Samþykkt á 28. ársþingi og 4. haustþingi SSNV 23. október 2020.